

Félagsfræðabraut

Ætlarðu á þing?

Félagsfræðabrautin skipar sögu, félagsfræði og sálfræði í öndvegi. Áhersla er lögð á raunhæfa tengingu við menningu, samfélag, atvinnulíf og fjölmiðla. Boðið er upp á spennandi valáfanga, t.d. trúarbragðasögu, sögu minnihlutahópa og þjóðarbrot, kvikmyndagreiningu og heimsstyrjöldina síðari. Í félagsfræðum eru m.a. gerðar kannanir, fjallað um afbrot, stjórnám, markhópa, félagsmótun og sjálfsmýnd. Brautin býr nemendum undir hvers konar nám í hug- og félagsvísindum, s.s. stjórnálafræði, sálfræði og fjölmiðlun.

Inntökuskilyrði: Nemandi þarf að hafa náð 6 í skólaeinkunn við lok grunnskóla í íslensku, ensku og stærðfræði. Hafi nemandi einkunnina 5-6 í einni þessara greina getur hann innritast á stúdentsprófsbraut en skráist í hægferðaráfanga í viðkomandi grein.

Kjarnaeyningar eru 98. Allir taka sömu kjarnagreinar.

Kjörsviðseiningar eru 30. Í þeim felst sérhæfing brautarinnar. Heimilt er að velja allt að 12 einingar af kjörsviði annarrar brautar í samráði við námsráðgjafa eða áfangastjóra. Skólinn setur upp æskilegar kjörsviðsgreinar á hverri námslínu.

Valeiningar eru 12.

Nám til stúdentsprófs er samtals 140 einingar

Námstími er 6-8 annir.

Námsgreinar	1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn	6. önn	7. önn	8. önn
DAN	103	203						
ENS	103°	203	303			403	503	

FÉL	103		203	303*		313*	323*	403*
FJÖ		103						
ÍSL	103°	203	303	403	503		603*	613*/633*
ÍÞR	101	101	221	101	101	101	101	101
LAN						103		
LKN	112							121
NÁT			113			103		123
SAG			103	203	303		313*/503*	
STÆ	103°	263		313*				
SÁL					103*	203*	303*	
ÞJÓ / HAG113								103
3. MÁL			103	203	303	403		
VAL				102	102	102	102	104
Samtals einingar:	18	16	19	18	15	18	18	18

*Kjörsviðsgreinar

° Í stað 103: hægferð 1026 og 2026

Brautaruppbyggingin er skv. námskrá frá 2007. Nýnemar (á fyrsta ári eftir grunnskóla) taka þverfaglegan áfanga í náttúru- og menningarläsi, **NÁL106** og **MEL106**, samtals 12 einingar, skv. nýrri skólanámskrá MK sem verið er að þróa. Á móti sleppa þeir sambærilegum áföngum úr eldri námskrá. Nýnemar taka ekki LKN112 og LKN121 úr eldri námskrá og sleppa 3 einingum úr frjálsum vali. Síðan **kjósa** nýnemar tvo áfanga úr eftirfarandi töflu til að **sleppa** og áfangarnir mega ekki vera úr sama stokki:

A – stokkur	B- stokkur	C - stokkur
NÁT103 (líffræði)	NÁT113 (jarðfræði)	NÁT123 (eðl- og

		efnafræði)
SAG103	FÉL103	ÍSL103
ÍÞR103	ÍÞR103	ÍÞR103